

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 80/2001

frá 19. júní 2001

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfis mál)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 56/2001 frá 18. maí 2001⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/541/EB frá 6. september 2000 um viðmiðanir við mat á innlendum áætlunum samkvæmt 6. gr. tilskipunar ráðsins 1999/13/EB⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 21ab (tilskipun ráðsins 1999/13/EB) í XX. viðauka við samninginn:

„21aba. **32000 D 0541:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/541/EB frá 6. september 2000 um viðmiðanir við mat á innlendum áætlunum samkvæmt 6. gr. tilskipunar ráðsins 1999/13/EB (Stjtið. EB L 230, 12.9.2000, bls. 16).“

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 165, 21.6.2001, bls. 62 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 32, 21.6.2001, bls. 3.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 230, 12.9.2000, bls. 16.

2. gr.

Texti ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2000/541/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 20. júní 2001, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 19. júní 2001.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður*

P. Westerlund

*Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

P.K. Mannes

M. Brinkmann

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.